

STJÓRNARTÍÐINDI B 97 – 2004

Nr. 665

1734

11. ágúst 2004

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, lód Fjölbrautarskóla Suðurnesja.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 11. ágúst 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015 frá 28. mars 1996.

Breytingin felst í því að opið svæði til sérstakra nota, merkt Ú14 – verndað svæði, verður svæði fyrir stofnanir, vegna fjölgunar bílastæða á lód Fjölbrautarskóla Suðurnesja.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 11. ágúst 2004.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

Nr. 666

12. ágúst 2004

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingar á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Ásabrautar 2, 4, 6, 8 og 10 – Ásar og Traðabakkaland á Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 5. ágúst 2004, var samþykkt breyting á deiliskipulagi Ásabrautar.

Breytingin felst í að færa mörk byggingarreits fram um 2 metra í suðaustur og er breytingin hugsuð til að byggja sólhýsi.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 2. mgr., 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 12. ágúst 2004.

Þorvaldur Vestmann,
sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar.

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 403/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á dúfum, fasönum, dádýrum og annars – lynghænum og strútum, frystum, í 2. gr. reglugerðarinnar:

<i>Tollnúmer:</i>	<i>Vara</i>	<i>Tímabil</i>	<i>Vörumagn</i>	<i>Verðtollur</i>	<i>Magntollur</i>
	<i>Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, fryst</i>		6.000		
0208.9001	Dúfur	13.08.04 – 30.06.05		0	272
0208.9002	Fasanar	13.08.04 – 30.06.05		0	272
0208.9004	Dádýr	13.08.04 – 30.06.05		0	272
<i>Úr tollnr.:</i>					
0208.9009	Annars – Lynghænur og strútar, fryst	13.08.04 - 30.06.05		0	272

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 12. ágúst 2004.

F. h. r.
Ólafur Friðriksson.

Niels Árni Lund.